



142. fundur svæðisráðs suðursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs. Haldinn í ráðhúsinu á Höfn og í fjarfundi, föstudaginn 9. maí kl. 10:00.

Fundinn sátu:

Eyrún Fríða Árnadóttir , varaformaður, aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar,
Friðrik Jónas Friðriksson , aðalfulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar,
Gauti Árnason , varafulltrúi Sveitarfélagsins Hornafjarðar,
Guðrún Inga Bjarnadóttir , aðalfulltrúi útivistarsamtaka,
Svanhvít Helga Jóhannsdóttir , varafulltrúi umhverfisverndarsamtaka,
Tinna Rut Sigurðardóttir , aðalfulltrúi ferðamálasamtaka.

Anna Ragnarsdóttir Pedersen, þjóðgarðsvörður á suðursvæði, Höfn,
Hrafnhildur Ævarsdóttir, þjóðgarðsvörður á suðursvæði, Skaftafelli,
Linda Björk Hallgrímsdóttir, aðstoðarþjóðgarðsvörður á suðursvæði, Skaftafelli,
Sigrún Ágústs dóttir, forstjóri,
Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir, starfsmaður á þróunarsviði.

Fundargestir:

Helga Árnadóttir, verkefnastjóri á stjórnunar- og verndarsviði,
Árni Geirsson, ráðgjafi hjá Alta

Lagðar til breytingar á fundardagskrá: Vegna breytinga á skipan svæðisráðs, er lagður til nýr dagskrárliður í upphafi fundar, um skipan svæðisstjórnar og svæðisráðs. Af sömu ástæðu er lagt til að fundarliðum sem boðaðir höfðu verið um kjör formanns og varaformanns svo og liður um fundaáætlun verði frestað þar til svæðisráð verður fullskipað. Einnig lagt til að málefni framtíðarsýnar og deiliskipulags fyrir Skaftafell, svo og stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Hoffellslambatungur verði færð frammar í dagskrá en boðað var. Breytingar á fundardagskrá samþykktar.



1. Svæðisstjórn og svæðisráð - skipun 2025-2029 - Vatnajökulspjóðgarður - 202502-0062

Þær breytingar hafa verið gerðar á skipan svæðisstjórn Vatnajökulspjóðgarðs (áður „stjórn Vatnajökulspjóðgarðs”), að Sigurjón Andrússon hefur verið skipaður formaður svæðisstjórnarinnar. Hann hefur því látið af embætti á vettvangi svæðisráðs suðursvæðis. Bæjarstjórn Hornafjarðar hefur tilnefnt aðalfulltrúa í stað Sigurjóns og þess vænst að tilnefningin verði staðfest með skipunarbréfi af hálfu ráðherra.

Til kynningar.

2. Skaftafell - Framtíðarsýn frá 2021 - Breyting - 202505-0018

Helga Árnadóttir, verkefnastjóri á stjórnunar- og verndarsviði og Árni Geirsson, ráðgjafi frá Alta komu til fundar.

Lögð er fram tillaga, ásamt greinargerð, að breytingu á framtíðarsýn Skaftafells sem unnin var 2021. Breytingin snýr að aðstöðu einkafyrirtækja á þjónustusvæði í Skaftafelli og kemur til vegna þeirra áskorana sem hafa komið upp við að framfylgja öllum þáttum framtíðarsýnar við gerð nýs deiliskipulags fyrir svæðið. Breytingatillagan er sett fram til að leggja áherslu á þjónustu við fjölbreyttan hóp gesta í Skaftafelli, sem áhugaverðan og einstakan viðkomu- og dvalarstað, nýta á hagkvæman hátt núverandi skipulag og innviði og að tryggja góða aðstöðu starfsfólks þjóðgarðsins. Í ljósi breytinga á söluaðferðum á skipulögðum ferðum, sem nú orðið fara að mestu fram í gegnum bókanir á netinu, er orðin minni þörf fyrir sýnilega sölubása en áfram þörf fyrir upphafs- og endastað ferða (e. meeting point), með tilheyrandi fjölda bílastæða. Breytingar hafa einnig átt sér stað undanfarin ár að því leiti að á nærsvæði Skaftafells hafa ferðaðþjónustuaðilar fengið úthlutað svæðum á einkalandi til uppbyggingar slíkrar aðstöðu.

Stefna frá 2021: Í Skaftafelli er aðstaða fyrir sölubása með samræmdu útliti sem fyrirtæki í kring geta nýtt sér og safnstaður fyrir ferðir (“meeting point”). Einnig starfsmannaaðstaða fyrir veru starfsmanna yfir daginn. Önnur aðstaða fyrirtækja er utan þjóðgarðs.

Lögð er fram tillaga að eftirfarandi breytingu í texta um aðstöðu fyrirtækja: *Öll fyrirtæki hafa aðstöðu utan þjóðgarðs, fyrir utan að í Skaftafelli er eitt sameiginlegt þjónustuborð þar sem finna má upplýsingar um þjónustu í nágrenninu og ferðir eru seldar.*

Lagt fram til kynningar og stefnt að ákvarðanatöku á næsta fundi svæðisráðs.



3. Skaftafell - Nýtt deiliskipulag - 202502-0047

Framhald umræðu frá vettvangsferð svæðisráðs og stjórnar Vatnajökulspjóðgarðs í Skaftafell í maí 2024. Helga Árnadóttir, verkefnastjóri á stjórnunar- og verndarsviði og Árni Geirsson, ráðgjafi frá Alta kynntu framlagða greinargerð og uppdrátt að nýju deiliskipulagi fyrir Skaftafell. Einnig kynnt drög að landslagshönnun, til stuðnings við tillögur deiliskipulagsins.

Lagt fram til kynningar og stefnt að ákvarðanatöku á næsta fundi svæðisráðs.

Árni Geirsson fór af fundi.

4. Stjórnunar- og verndaráætlun - Viðauki - Hoffellslambatungur - Gagnasöfnun og vinnsla tillögu - 202503-0080

Helga Árnadóttir, verkefnastjóri á stjórnunar- og verndarsviði kynnti stöðu málsins.

Vinnslutillaga var send skilgreindum hagsmunaaðilum í tölvupósti þann 11. apríl 2025, með umsagnarfresti til 30. apríl 2025. Engar umsagnir bárust.

Svæðisráð lýsir ánægju með að ekki hafi komið fram mótbárur við framlagða vinnslutillögu og því möguleiki að halda áfram í opið kynningarferli.

5. Stjórnunar- og verndaráætlun - Viðauki - Hoffellslambatungur - Auglýsingar- og kynningarferli - 202504-0007

Helga Árnadóttir, verkefnastjóri á stjórnunar- og verndarsviði, kynnti framlagða breytingatillögu á stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs er varðar Hoffellslambatungur. Tillagan er óbreytt að öðru leiti en því að upplýsingar um að vinnslutillaga hafi verið kynnt eru settar inn í samráðskafla. Helga fór yfir fyrirkomulag auglýsingarferlis eftir samþykki stjórnar. Tillagan verður birt opinberlega á vef Vatnajökulspjóðgarðs og samfélagsmiðlum og verður til auglýsingar í 6 vikur. Að auki fá skilgreindir hagsmunaaðilar tilkynningu senda í tölvupósti.

Svæðisráð samþykkir fyrir sitt leyti að setja breytingartillögu í formlegt auglýsinga- og kynningarferli. Málinu vísað til svæðisstjórnar Vatnajökulspjóðgarðs.

Helga Árnadóttir fór af fundi.



6. Atvinnustefna - þjónustuframboð á suðursvæði - 202502-0111

Þjóðgarðinum hefur borist umsókn um leyfi til nýrrar tegundar afþreyingar í atvinnuskyni, á austurhluta suðursvæðis. Náttúruverndarstofnun vinnur að mótun ferla fyrir slíkar leyfisveitingar.

Svæðisráð fagnar nýbreytni í þjónustuframboði og leggur áherslu á að það falli vel að markmiðum þjóðgarðsins og byggi á vönduðum útfærslum með tilliti til fagmennsku og öryggis. Þá er einnig minnt á mikilvægi þess að við samningsgerð séu hafðir í huga hagsmunir þeirra sem þegar hafa samning á tilteknum svæðum, svo og almennings sem fer um svæðin á eigin vegum.

7. Íshellaferðir og jöklagöngur - auglýsing um úthlutun leyfa - haust 2025 - 202502-0113

Sigrún Ágústs dóttir, forstjóri Náttúruverndarstofnunar kynnti málefni íshellaferða og jöklagangna vegna næsta tímabils.

Vinna starfshóps heldur áfram. Þar er rætt um lengd samninga og hvenær þeir verði auglýstir til umsóknar. Ferðaþjónustuaðilar hafa lagt áherslu á að það verði auglýst fremur en framlengt og að samningar verði til lengri tíma. Samninga sem þessa, þarf að vinna í samráði við fagráðuneyti og fjármálaráðuneyti og eru þau samtöl í farvatninu. Unnið er að tímalínu verkefnisins sem og mótun formlegs samstarfs við Ferðamálastofu.

Svæðisráð þakkar kynninguna og tekur undir þau sjónarmið sem komið hafa fram í hópnum. Svæðisráð leggur áherslu á mikilvægi þess að sem fyrst verði ljóst hvenær verði auglýst og til hversu langs tíma. Það er eindreginn vilji svæðisráðs að þessi vinna haldi áfram með jafn hröðum takti og frekast er unnt.

8. Íshellaferðir og jöklagöngur 2024-2025 - staðan - Vatnajökulspjóðgarður - 202502-0112

Varðandi stöðu jöklagangna almennt og fyrirkomulag á sumartímabili: Á 140. fundi svæðisráðs 10. mars sl., samþykkti svæðisráð fyrir sitt leyti, að heimila ekki íshellaferðir frá 1. maí-30. september 2025. Í kjölfarið fór af stað vinna innan fagráðsins um það hvernig ætti að útfæra sumartímabilið. Á síðasta fundi svæðisráðs 4. apríl sl., kynntu fulltrúar fagráðs þær tillögur ráðsins. Samanber afgangi svæðisráðs á þeim fundi, áttu



Þjóðgarðsvörður á Höfn og formaður svæðisráðs frekari fundi með fagraði. Enn fremur var rýnt í möguleika til eftirlits með starfseminni yfir sumartímabilið, í samhengi við fjármögnun þess, ráðningar og almennar útfærslur.

Varðandi stöðu jöklagangna á Falljökli: Kvartanir sem borist hafa til starfsfólks Vatnajökulspjóðgarðs og fulltrúa í fagraði er varða óhóflegan fjölda ferðamanna á Falljökli. Af þeim ástæðum er mikill þrýstingur á heimildir til að leyfðar verði ferðir ferðapjónustuaðila á Svínafellsjökul.

Ályktun varðandi stöðu jöklagangna almennt og fyrirkomulag á sumartímabili: Svæðisráð samþykkir fyrir sitt leyti, að til viðbótar banni við íshellaferðum að sumri til (1. maí - 30. september), verði markaðssetning jöklaferða á þeim árstíma sem "íshellaferða" óheimil, vegna markaðshagsmuna vetrarferðapjónustu og gæða að baki hugtakinu "íshellaferð".

Útfærslur á sumartímabilinu eru samofnar vönduðu jöklaeftirliti af hálfu þjóðgarðs, sem þyrfti að vera á öllum jöklum þar sem leyfi eru veitt. Að mati svæðisráðs, er þörf á að skoða enn frekar viðurlög og eftirfylgni við samningsbrotum.

Að tillögu fagraðs leggur svæðisráð til, að leiðsögumenn með jökla 3 ásamt íshellar 1 og a.m.k. 3 ára reynslu, hafi leyfi til að meta aðstæður á stöðum sem eru að einhverju leyti yfirhangandi (e. overhead hazard). Ef til stendur að margar ferðir heimsæki slíkan stað, á yfirleiðsögumaður með jökla 3 og íshellar 1 og a.m.k. 3ja ára reynslu að meta staðinn með tilliti til öryggis. Eins þarf að skrá ísmyndunina á heimasíðu fagraðsins og skila áhættumati á hverjum degi sem þær eru heimsóttar og skrá ástand ísmyndunarinnar. Leiðsögumenn sem heimsækja slíkar ísmyndanir sem yfirleiðsögumaður hefur metið öruggar, skulu vera með réttindi sem nemur jökla 2 og íshellar 1 og a.m.k. 3ja ára reynslu.

Að lokum minnir svæðisráð á, að ábyrgð á öryggi ferðamanna í ferð með leiðsögn er á hendi leiðsögumanna.

Ályktun varðandi stöðu jöklagangna á Falljökli: Í samhengi við óhóflegan fjölda gesta á Falljökli og aukna ásókn í ferðir á Svínafellsjökul, er bent á umræðu frá síðasta fundi svæðisráðs. Þar var fjallað um nýuppfært hættumat Veðurstofunnar og Almanna- og Almannavarna, vegna mögulegs berghlaups úr Svínafellsheiði, á Svínafellsjökul. Svæðisráð lagði í bókun sinni áherslu á þá miklu hagsmuni sem umræddar umkvartanir vitna um, en samtímis er meðvitund um það vandasama verkefni sem framsetning hættumats byggir á. Umræða um möguleika til ferða á Skaftafellsjökul. Umræða um mikilvægi rannsókna á polmörkum, sem fara þyrftu fram í sumar.



Svanhvít Helga Jóhannsdóttir fór af fundi.

9. Jöklaeftirlit landvarða - suðursvæði - Vatnajökulspjóðgarður - 202505-0026

Þjóðgarðsverðir kynntu fyrirkomulag á jöklaeftirliti fyrir sumarið 2025 sem unnið var að í kjölfarið af síðasta svæðisráðsfundi. Fyrir liggur skipulag um útfærslur og mönnun. Enn fremur eru áform um að vinna að eftirlitinu sameiginlega, á milli svæðanna við Breiðamerkurjökul og við Falljökul. Gengið er út frá því að umrætt eftirlit með jöklaferðum í atvinnuskyni verði fjármagnað með þeim sértekjum sem koma til af samningsgjöldum leyfishafa.

Svæðisráð fagnar því að koma eigi á öfluglu jöklaeftirliti í sumar, sem vinnur þvert á allt suðursvæði Vatnajökulspjóðgarðs. Svæðisráð ítrekar mikilvægi þess að viðbrögð við niðurstöðum eftirlits verði markviss.

Gauti Árnason fór af fundi undir þessum lið.

Sigrún Ágústs dóttir fór af fundi eftir að umræðum lauk.

10. Suðursvæði - skýrsla þjóðgarðsvarða 2025 - Vatnajökulspjóðgarður - 202502-0073

Þjóðgarðsvörður á Höfn upplýsti um stöðuna á Jökulsárlóni. Þann 10. apríl voru ný salernishús við Jökulsárlón tekin í notkun eftir langa bið og gamla húsnæðið fjarlæggt. Töluverð vinna er eftir svo að húsnæðið virki eins og best verður á kosið og er það á hendi söluaðila að framfylgja. Að auki má nefna að aðstaðan kallar á töluvert meira vatn og því er aðkallandi að borað verði fyrir vatni svo að nægur þrýstingur sé á vatninu. Matarvagnarnir eru komnir á varanlegan stað.

Tækifæri gafst til þess að búa betur um aðstöðuna fyrir matarvagnana og unnið að því að nú að auka rafmagn til þeirra. Ecoraster-göngustíagrandur hafa verið lagðar í kringum matarvagnana og salernishúsið. Frágangur er á loka metrunum.

Íshellaferðum og þar með vetratímabili ferðapjónustunnar á Breiðamerkursandi lauk formlega 30. apríl og hófst tímabil siglinga um Jökulsárlón 1. maí.

Landverðir á Breiðamerkursandi tóku þátt í stóra plockkdeginum sem var 27. apríl og var áhersla lögð á Eystri-Fellsfjöru þar sem mikið safnaðist af veiðarfærum og öðru tilheyrandi rusli sem oft finnst í fjörum.

Göngustígur við Fjallsárlón varð illa fyrir barðinu á vetrarveðrinu og mikið landrof varð á bökkum lónsins. Því þurfti að færa göngustíginn og er því lokið.



Fylgst er vel með íshellum og skilti hafa verið sett upp á fjölmennustu aðkomuleiðum, til þess að upplýsa almenning um hættur og vara fólk við því að fara nálægt þeim.

Landverðir í Skaftafelli og á Jökulsárlóni hafa tekið þátt í því að safna svörum í rannsókn sem Rannsóknarsetur Háskóla Íslands á Höfn í Hornafirði stendur fyrir um greiningu á upplifun gesta sem fara í skipulagða íshella og/eða jöklagöngu á Breiðamerkurjökli eða Falljökli. Þann 4. maí hafði 204 svörum verið safnað. Haldið verður áfram fram yfir helgina, með sérstaka áherslu á svör frá gestum í Skaftafelli.

Þjóðgarðsvörður í Skaftafelli fór yfir stöðuna á svæðinu. Starfsfólk Náttúruverndarstofnunar hittist á vinnudögum í Mývatnssveit í byrjun apríl og nýtti Skaftafell tækifærið og sótti svæðissérfræðing Austurlands heim ásamt því að skoða friðlýst svæði á leiðinni. Vinnudagarnir heppnuðust vel og ánægja meðal starfsfólks.

Undirbúningur fyrir sumarið er í fullum gangi og er fræðsludagskrá fyrir Skaftafell að mestu tilbúin fyrir árið. Vakin er athygli á því að dagskrá verður um verslunarmannahelgina og verður hún auglýst síðar.

Göngustígar komu mjög illa undan vetri og sér verulega á eftir miklar og tíðar rigningar á svæðinu. Verkefnastjóri sjálfbóðaliða hjá Náttúruverndarstofnun kom í Skaftafell til þess að undirbúa vinnu sjálfbóðaliða. Stefnt að því að landverðir vinni samhliða sjálfbóðaliðum að viðgerðum á meðan þeir eru í Skaftafelli. Fyrirhugað er að Örfæhaupið verði haldið 27. júní næstkomandi og viðgerðir á hlaupaleiðinni því mikilvægar.

Viðhald á tjaldsvæðinu er aðkallandi. Tré í skjólbeltunum eru komin til ára sinna og farin að láta á sjá, ásamt því að óværa hefur farið illa með gulvíði á svæðinu. Nýtt grillskýli/skjól verður sett upp í júní og lokafrágangur gerður á leiksvæði. Verið er að skoða lausnir fyrir grasflatir sem margar eru farnar að láta verulega á sjá.

Landverðir tóku þátt í stóra plockkdeginum og var meðal annars gengið meðfram vegum og alls staðar í kringum tjaldsvæðið. 4. maí síðastliðinn fór fram árleg rjúpnatalning í Skaftafelli í samstarfi við Náttúrufræðistofnun og gekk vel. Rjúpnatalning hefur farið fram síðan 1999.

Til kynningar.

Fundi slitið kl. 12:25.

Fundinn ritaði Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir.